



Frásögn af fundi Bjarna Benediktssonar og Mr. Lawson 7. júlí 1953.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Frásögn – Mr Lawson - 1953

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-12, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F r á s ö g n.

Þriðjudaginn 7. júlí 1953 kom Mr. Lawson, sendiherra Bandaríkjanna, áskrifstofu mína samkvæmt beiðni minni.

Eftir að ég hafði vikið að sáalerindi mínu við sendiherrann sagðist ég þurfa að hreifa enn á ný ólagi því, sem væri á kjörum kaupgreiðslu verkamanna hjá Metcalfe-Hamilton á Keflavíkurflugvelli. Loforð um umbætur hefðu ekki staðist og gerði þetta sleifarlag og ólag okkur mjög mikið tjón, bæði íslenzku stjórninni og góðri sambúð við Bandaríkin. Skoraði ég því eindregið á sendiherrann að beita sér nú fyrir að úr þessu yrði bætt.

Sendiherrann hafði ekki heyrt um mál þetta frá því hann á dögunum hefði verið fullviessaður um, að nú mundi öllu kippt í lag, og lofaði að taka málið tafarlaust upp og fylgja því eftir að fullnægt yrði íslenskum reglum.

Reykjavík, 7. júlí 1953.

(sign) Bj. Ben.